17. Júní hátíðarhöld í Kópavogsbæ 2021, hugmyndir

Sviðsmynd 1

Fjöldatakmarkanir 500 manns (sama og 2020).
Tími: frá kl. 14-16.
Sviðsmyndin miðar við fimm staðsetningar. Sett verða upp fjögur svið á eftirfarandi stöðum: Fagralundi, Fífunni, Versölum og Kórnum auk þess sem menningardagskrá verður unnin við Menningarhúsin. Bílar frá bænum keyra um bæinn með tónlist fyrri hluta dags 17. Júní og færa bæjarbúum stemninguna heim.
Hver listamaður sem væri fenginn til að skemmta fer á milli tveggja sviða eins og í fyrra. Lágstemmdari stemning verður við Menningarhúsin.

Íþróttafélögin taka þátt eins og í fyrra og það væri hægt að fara í nánara samstarf við þau, að þau kæmu með sýningu tengdri sinni starfssemi (eins og Gerpla gerði svo vel á síðasta ári við Versali). Með því að vinna hátíðina með íþróttafélögunum fást fleiri að borðinu á undirbúningstíma sem aftur ýtir undir tilfinninguna að hverfishátíð.

Reynsla hátíðarhaldanna frá 2020 er sú að mikill meirihluti gesta var ánægður með fyrirkomulagið, fannst gott að geta gengið að heiman á sína hverfishátíð. Það hélt umferð í lágmarki sem og mengun. Utanumhald svæðanna gekk einstaklega vel, miklu rólegra yfirbragð var á hátíðarhöldunum og fólk naut sín. Lögð var áhersla á að halda vel við allar raðir, allar hendur sem fóru í leiktæki voru sprittaðar, þá var einnig boðið upp á afmarkað svæði þar sem 2ja metra reglan var viðhöfð (sem þó enginn nýtti) og boðið upp á salernisaðstöðu inni í íþróttahúsunum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN 17. JÚNÍ		2021
TEKJUR		
Leiga af sölutjöldum		
Framlag menntasviðs		
Samtals tekjur		
GJÖLD		
Kynningarmál		0 ISK
Listafólk		4.660.000 ISK
Aðstaða		3.470.000 ISK
Leiktæki og önnur skemmtun		1.600.000 ISK
17. júní hlaup		140.000 ISK
Starfsmannakostnaður (matur, fatnaður)		330.000 ISK
Annað (m.a. verkefnastjórn og aðföng Menningarhúss v. 17.júní)		2.440.000 ISK
Samtals gjöld		12.640.000 ISK
NIÐURSTAÐA		**-12.640.000 ISK**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

Sviðsmynd 2

Fjöldatakmarkanir á bilinu 200 – 500.
Tími: frá kl. 14-16.
Upptaktur hátíðarinnar væri strax frá byrjun júni þar sem skemmtikraftar væru heimsóttir, viðtöl, gleði og eitthvað skemmtilegt á samfélagsmiðlum bæjarins og íþróttafélaganna sem hátíðarhöldin væru í samstarfi við.

Hátíðin haldin á sömu 5 stöðum (við íþróttahúsin og Menningarhúsin) en dreift betur úr aðstöðunni. Hér þyrfti að hólfa svæðin niður og dreifa fólksfjöldanum, hafa til dæmis hoppukastala og leiktæki á öðrum stöðum (ekki nálægt sviðinu). Sett væri upp lítið svið í grennd við aðalsviðið þar sem dagskráin væri sniðin að allra yngsta hópnum – með það í huga að dreifa mannfjöldanum enn frekar.
Bærinn vel skreyttur, bílar frá bænum keyra um bæinn með tónlist fyrri hluta dags 17. Júní og færa bæjarbúum stemninguna heim.

Sviðsmynd 3

Fjöldatakmarkanir undir 200.
Tími: frá kl. 12-17.

Rafræn hátíð, skemmtun streymd úr Salnum/Menningarhúsunum. Viðburðurinn nær yfir lengri tíma, sérstakar hátíðarupptökur sendar út með ýmsu efni í bland við margskonar skemmtun, sirkus og tónlist.

Hefðbundnar auglýsingar í fjölmiðlum væru keyptar og hin rafrænu hátíðarhöld vel auglýst. Gott væri að tengja íþróttafélögin við hina rafrænu hátíð. Að efni tengt þeim væri sýnt. Þau gætu til að mynda selt 17.júní pakka til sinna félagsmanna með blöðrum, snakki o.fl., sem ýtir undir umtal um hin rafrænu hátíðarhöld.

Upptaktur hátíðarinnar væri strax frá byrjun júni þar sem skemmtikraftar væru heimsóttir, viðtöl, gleði og eitthvað annað skemmtilegt á samfélagsmiðlum bæjarins.

Bærinn skreyttur með áherslu á hverfisskreytingar, bílar frá bænum keyra um bæinn með tónlist fyrri hluta dags 17. Júní og færa þannig bæjarbúum stemninguna heim.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026